



Knattspyrnudeild FH
Valdimar Svavarsson, formaður
Elsa Hrönn Reynisdóttir, framkvæmdastjóri
Davíð Þór Viðarsson, yfirmaður knattspyrnumála

Reykjavík, 2. júlí 2024

Úrskurður: Atvik í leik FH og Tindastóls í Bestu deild kvenna 26. júní 2024

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 2. júlí, var tekið fyrir erindi sem málskotsnefnd KSÍ vísaði til nefndarinnar með vísan til 6. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Erindið varðaði atvik er átti sér stað í leik FH og Tindastóls í Bestu deild kvenna þann 26. júní 2024. Erindið barst nefndinni þann 1. júní sl. og var þá ákveðið að gefa hlutaðeigandi aðilum kost á að skila skriflegri greinargerð um málið fyrir kl. 16:00 þriðjudaginn 2. júlí.

Í samræmi við ákvæði 6.2. og 6.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um önnur mál sem málskotsnefnd KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við. Fyrir aga- og úrskurðarnefnd liggur staðfesting frá eftirlitsmanni á leik FH og Tindastóls þann 26. júní 2024, á því að atvik það sem lýst er í greinargerð málskotsnefndar KSÍ hafi hvorki hann né dómarateymi leiksins séð. Ef um hefði verið að ræða atvik sem dómari hefði áður lagt mat á og tekið ákvörðun um inn á velli, þá skal tekið fram að það atvik hefði ekki getað sætt endurskoðun aga- og úrskurðarnefndar á grundvelli greinar 6.3.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 2. júlí lá ekki fyrir skrifleg greinargerð frá FH. Það er mat nefndarinnar, samkvæmt fyrirliggjandi gögnum, að atvik það sem vitnað er til í greinargerð málskotsnefndar KSÍ frá 1. júlí sl. og jafnframt birtist á myndskaiði sem fylgir með greinargerðinni, sé alvarlegt agabrot. Í tilvitnuðu atviki sýnir leikmaður FH, Breukelen Lachelle Woodard, af sér alvarlega grófan og hættulegan leik er hún slær handlegg sínum í andlit Bryndísar Rutar Haraldsdóttur leikmann Tindastóls. Atvik þetta hafi hvorki dómari né aðstoðarmenn hans séð í leik FH og Tindastóls í Bestu deild kvenna þann 26. júní sl.

Hefur aga- og úrskurðarnefnd ákveðið, með vísan til ákvæða 6.2. og 6.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, að úrskurða Breukelen Lachelle Woodard, leikmann FH, í eins leiks bann í Íslandsmóti vegna atviksins í framangreindum leik, samkvæmt 13. gr. sömu reglugerðar. Leikbann Breukelen Lachelle Woodard tekur gildi kl. 12 á hádegis næsta dag frá birtingu á úrskurði þessum, sbr. grein 9.2. reglugerðarinnar.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson